

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Skorradalur, 9. október 2025

Tilvísun IRN: IRN25090119

Efni: Viðauki við kæru vegna framkvæmdar og lögmæti kosninga um sameiningu sveitarfélagana Borgarbyggðar og Skorradalshrepps sem fram fór dagana 5. – 20. september sl.

Vísast til kæru frá 26. september s.l. Hér er viðauki varðandi lið 2 kærunnar, er varðar heimildir samstarfsnefndarinnar: Við áskildum okkur rétt á að koma með frekari viðbótar athugasemdir og/eða skýringar, kærur og gögn.

Heimildir samstarfsnefndarinnar:

Eins og áður kom fram í kæru okkar, að í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 segir í 1.mgr 119. gr. að *skipa skuli samstarfsnefnd ef sveitarstjórnir ákveða að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaga*. Í 2.mgr 119. gr. er kveðið á að samstarfsnefnd eigi að skila álitu sínu um sameiningu sveitarfélaga til sveitarstjórnar og fara skuli fram umræða án atkvæðagreiðslu.

Í 39. gr. til 41 gr. sveitarstjórnarlaga kemur síðan fram eftirfarandi:

■ **39. gr.** Nefnd til að fara með einstök verkefni eða málaflokka.

☐ Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að fjalla um og undirbúa einstök mál, málaflokka eða verkefni. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar.

☐ Í nefndir samkvæmt þessari grein má kjósa einstaklinga sem ekki hafa náð aldri til að njóta kosningarréttar í sveitarfélagi og einstaklinga sem ekki eiga þar lögheimili.

■ **40. gr.** Valdsvið nefnda.

☐ Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kys nema slíkt sé ákveðið í lögum.

☐ Hafi nefnd ekki verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

■ **41. gr.** Afgreiðsla á fundargerðum.

☐ Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki. Ef fundargerðir nefnda innihalda ályktanir eða tillögur sem þarfnast staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar ber að taka viðkomandi ályktanir og tillögur fyrir sem sérstök mál og afgreiða þau með formlegum hætti. Ef fundargerðir nefnda innihalda hins vegar ekki slíkar ályktanir eða tillögur er nægjanlegt að þær séu lagðar fram til kynningar.

- ☐ Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.
- ☐ Eftir því sem við á gildir ákvæði þetta einnig um afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum byggðarráðs.

Í 19. gr. sveitarstjórnarlaga kemur síðan þetta fram:

■ 19. gr. Fundarstjórn og fundargerðir.

- ☐ Oddviti stjórnar fundum sveitarstjórnar. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að fundir fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, samþykktir sveitarfélagsins og almenn fundarskáp.
- ☐ Ráðherra setur með auglýsingu ¹⁾ leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Þar skal einnig setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda [skv. 3. og 4. mgr. 17. gr.] ²⁾
- ¹⁾ Augl. 1181/2021. Augl. 1182/2021. ²⁾ [L. 96/2021, 3. gr.](#)

Þarna er vísað í auglýsingu ráðherra sveitarstjórnarmála um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021 og í 2. m.gr. 2. gr. auglýsingunni stendur:

Á fundum fastanefnda, skv. samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, annarra nefnda, stjórna og ráða á vegum sveitarfélags skal rita fundargerðir og skulu þær skráðar með sams konar hætti og fundargerðir sveitarstjórna, sbr. 1. mgr.

Eins og komið hefur fram í kærunni frá 26. september eru allar fundargerðir samstarfsnefndarinnar óundirritaðar. Því var ekki farið eftir 3. gr. auglýsingar um ritun fundargerðar sveitarstjórnar og eins var ekki farið eftir samþykktum um stjórn sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Þegar samstarfsnefndin var skipuð gáfu hvorugar sveitarstjórnar, hvorki Borgarbyggðar né Skorradalshrepps, henni heimild til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 40 gr. sveitarstjórnarlaga. Þetta þýðir að allar fundargerðir samstarfsnefndar eigi að koma fyrir sveitarstjórnir og fá kynningu eða afgreiðslu með formlegum hætti ef um fjárhagslegar ákvarðanir hafi verið teknar. Vísa þar til 41. gr. sveitarstjórnarlaga.

Borgarbyggð hefur ekki lagt fundargerðir samstarfsnefndarinnar fyrir hvorki sveitarstjórn né byggðarráð Borgarbyggðar við yfirferð á fundargerðum. Þannig voru engar fjárhagslegar ákvarðanir á fundum samstarfsnefndarinnar nr. 1,3,5,6,11,12, 13 og 14 staðfestar. Þessu til viðbótar hélt samstarfsnefndin áfram að funda og taka ákvarðanir eftir að lögbundnu verkefni nefndarinnar, að skila áliti, var lokið. Ekki liggur fyrir heimild til nefndarinnar að halda áfram fundum eða öðrum störfum eftir lögformleg skil. Eins þrátt fyrir að taka þyrfti tvær umræður í sveitarstjórn um skipun samstarfsnefndarinnar þá hóf samstarfsnefndin

sín störf og hafði fundað í tvígang áður en seinni umræða um skipun nefndarinnar fór fram í Borgarbyggð.

Í Skorradalshreppi voru lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndarinnar, nr. 1-5 og nr. 10-13. Fundargerðir samstarfsnefndar nr. 6-9 og 14 hafa ekki verið lagðar fram. Ekki liggur fyrir samþykkt sveitarstjórnar Skorradalshrepps fyrir fjárhagslegum tillögum samstarfsnefndarinnar sem sjá má í fundargerðum nr. 1,3,5,6,11,12 og 14.

Eins og kom fram fyrr, varðandi 19. gr. sveitarstjórnarlaga um fundarstjórn og fundargerðir, vísar sú lagargrein um heimildir um fjarfundi sveitarfélaganna. Er það vísað í 2 og 3 m.gr. 17 gr. sveitarstjórnarlaga. Þar kemur fram:

- ☐ [Mæla skal fyrir um heimild sveitarstjórnarmanna til að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.
- ☐ Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skv. 3. mgr. skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess. Þá skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna.] ¹⁾

Þarna er kveðið á, að það skuli sett í samþykktum sveitarfélaganna heimildir er varðar fjarfundi.

Í samþykkt Borgarbyggðar um stjórn sveitarfélagsins nr. 1213/2022 kemur fram eftirfarandi í 14. gr.

14. gr.

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.

Sveitarstjórnarfólki og/eða nefndarfólki í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í Borgarbyggð eða í erindagjörðum innanlands á vegum hennar. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í samþykkt Skorradalshrepps um stjórn sveitarfélagsins nr. 250/2025 kemur fram eftirfarandi í 14. gr.

14. gr.

Fjarfundabúnaður.

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Rafræn þátttaka í fundi skal bundin við sérstök undantekningartilfelli.

Skýrt er að fjarfundir nefnda skuli heyra til undantekningar. Allir fundir samstarfsnefndarinnar eru skráðir fjarfundir og ættu því að túlkast ólögmatir með tilliti til lagagreina og samþykktar sveitarfélaganna. Með þessu fyrirkomulagi funda var komið í veg fyrir að kjörnir varamenn gætu tekið sæti í forföllum aðalmanns ef þeir hefðu forfallast á fund haldinn með venjubundnu sniði.

Fyrir stuttu bárust kostnaðarreikningar sem tengjast samstarfsnefndinni, eftir þeirra var krafist samkvæmt 21. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshrepps. Í reikningum frá KPMG kom fram að hluti kostnaðar samstarfsnefndarinnar var vegna ráðgjafar KPMG vegna óska íbúa Skorradalshrepps um að fram færi íbúakosning um ákvörðun sveitarstjórnar að fara í formlegar sameiningarviðræður við Borgarbyggð. Reikningsfærður kostnaður vegna ráðgjafar KPMG við samstarfsnefndina vegna þessa máls er upp á 1.395.868 kr. með VSK. Hvergi kemur fram í óundirrituðum fundargerðum samstarfsnefndarinnar að samþykkt hafi verið að vinna þessa vinnu enda ekki hlutverk samstarfsnefndarinnar að hlutast um þessa beiðni íbúa Skorradalshrepps. Ætla má að það sé í hæsta máta óeðlilegt að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eigi síðan að greiða þennan hluta með framlagi sínu.

Við undirritaðir teljum að allur ferill samningaviðræðna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps standist ekki lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélaga. Allir samstarfsfundir voru með fjarfundasniði þrátt fyrir að einungis sé heimild til að það sé gert í undantekningartilfellum, engin fundargerð undirrituð af nefndarmeðlimum og fjárútlát voru ekki lögð fyrir til samþykktar í sveitarstjórn, hvorki hjá Skorradalshreppi né Borgarbyggð.

Sama má segja um óformlegu viðræðurnar. Einungis voru þrjár af sex fundargerðum lagðar fram í sveitarstjórn Skorradalshrepps en engin í Borgarbyggð. Haldnir voru fjarfundir og fundargerðir ekki undirritaðar. Fundargerðin frá fundinum þar sem tillagan var mótuð og samþykkt af óformlegu nefndinni (þeirri er starfaði í óformlegum

sameiningarviðræðum) hefur enn ekki verið lögð fram til sveitarstjórnanna, hvorki Skorradalshrepps né Borgarbyggðar. Sveitarstjórnir þessara tveggja sveitarfélaga hafa því ekki fjallað um þá tillögu upplýst um aðdraganda hennar sem hefði þá verið skráð í fundargerð sem hefði einnig átt að vera undirrituð af nefndarmeðlimum.

Í One skjalakerfi Skorradalshrepps undir málsnúmerinu 2404011 sem er vegna viðræðna við Borgarbyggð, þá má sjá að engin skjöl, fundargerðir, tölvupóstar og önnur gögn eru vistuð undir málsnúmerinu frá 4. apríl 2024 til 15. júní 2025 þegar fundargerð samstarfsnefndarinnar nr. 10 er vistuð. Ljóst að gögn sem eiga að vera klár fyrir sveitarstjórnarmenn við ákvarðanatöku eru ekki til staðar og markmið laga nr. 77/2014 um opinber skjalasögn ekki virt.


Að fyrrgreindum forsendum gefnum, ályktum við undirritaðir að sameiningarkosningarnar sem fóru fram 5.-20. september s.l. séu ekki löglegar. Við ályktum, að ofangreindum upplýsingum, að öll formsatriði er varðar góða og vandaða stjórnsýslu séu brotin og að heimild til að halda sameiningarkosningu sé ekki til staðar af hendi hvorugs umrædds sveitarfélags.

Með hliðsjón af framangreindu, þ.m.t. mögulegum hæfisannmörkum, frávikum frá stjórnsýslureglum, brotum á skýrum form- og efnisreglum sveitarstjórnarlaga, er þess krafist að niðurstaða kosninganna verði felld úr gildi.

Að lokum minnum við á leiðbeiningaskyldu stjórnvalda sbr. 15. gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012. Áskiljum við okkur áfram rétt að koma með viðbótar athugasemdir og/eða skýringar, kærur og gögn.



Pétur Davíðsson, hreppsnefndarmaður



Óli Rúnar Ástþórsson, hreppsnefndarmaður

Meðfylgjandi:

Fundargerðir sveitarstjórnar Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

Úrdráttur úr fundargerðum Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

Yfirlitstafla um fundi samstarfsnefndarinnar og nefndar um óformlegar viðræður.

Yfirlitstöflur um afgreiðslu mála hjá sveitarstjórnnum Skorradalshrepps og Borgarbyggðar, tengt við dagskráliði og fundarnúmer.

2 skjáskot úr Onesystems vegna málsnúmers 2404011 hjá Skorradalshreppi